

Mál nr 5/2017

Ár 2017, fimmtudaginn 29. júní, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 5/2017

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 25. janúar 2017 var farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði (Y) hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B án þess að tíkin væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 26. janúar 2017 og honum gefinn frestur til 24. febrúar til að skila inn andmælum. Svarbréf barst með tölvupósti hinn 1. febrúar. Afrit þess var sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði bréfinu ekki efnislega en sendi inn afrit af tölvusamskiptum sínum við erlendan dýralækni um sama mál og bað jafnframt um að haldið yrði áfram með málið. Taldi siðanefnd að öll gögn er máli skiptu væru fram komin og ákvað að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði ódagsettu var tíkin A pöruð við rakkann B hinn 23. júlí 2016. Við pörunina var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu Briard og er tíkin í eigu kærða. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærði gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærði svaraði því til að tíkin hefði verið pöruð í þeirri vissu að augnskoðun hefði farið fram og tíkin staðist þá skoðun, en upplýsti jafnframt að pappírar því til sönnunar væru glataðir. Augnskoðunarvottorð títarinnar fyrirfannst ekki á skrifstofu HRFÍ þrátt fyrir eftirgrennsan og þrátt fyrir að haft hefði verið samband við dýralækni þann sem framkvæmir augnskoðanir fyrir HRFÍ. Tíkin hefur nú verið augnskoðuð og staðist þá skoðun.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Briard:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.12.2000). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).”

Þrátt fyrir fullvissu kærða um að augnskoðun tíkarinnar hafi farið fram áður en pörun átti sér stað, þá getur siðanefnd ekki fallist á það að svo hafi verið þar eð engir pappíar þess efnis eru til á skrifstofu HRFÍ og eigandi tíkarinnar hefur ekki getað framvísað þeim. Það er þess vegna mat nefndarinnar að tíkin hafi ekki verið með gilt augnvottorð fyrir pörun. Augnvottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggi fyrir við pörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm.

Tíkin var síðan augnskoðuð 26. nóvember 2016 og til allra heilla stóðst hún skoðun. Siðanefnd telur það þó ekki breyta brotinu að tíkin hafi staðist augnskoðun eftir, það var ekki fyrirséð.

Þar eð kærði hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotlegur við reglur félagsins þá telur siðanefnd hæfilegt að áminna kærða.

IV. Niðurstaða.

Kærði, Y telst hafa gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði er áminntur.

f.h. siðanefndar

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Hilmar Sigurgíslason,

Kristín Sveinbjarnardóttir